

Ed.

249. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Frumvarpið er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstjórnarinnar og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur fjallað um frv. Hún varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur nú fyrir deildinni, með þeim breytingum sem voru gerðar á því í neðri deild. Albert Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1977.

Oddur Ólafsson,
form., frsm.

Halldór Ásgrímsson,
fundaskr.

Steinþór Gestsson.

Ásgeir Bjarnason.